

Kæru gestir.

Takk fyrir að taka svona vel á móti okkur hérna á Þórshöfn, gott að koma á Langanes og gaman að sjá ykkur svona mörg hérna.

Ég þarf ekkert að segja ykkur það að staða raforkumála hér á svæðinu er algerlega óviðunandi, og hefur verið það alltof lengi. Ónæg afhendingargeta hefur hamlað uppbyggingu atvinnulífs, hamlað fjárfestingu, hamlað því að afla sé orku, hamlað því að fyrirtæki geti stækkað og aukið umsvif sín.

Það hefur alltof lengi verið deilt um verkaskiptingu og ábyrgð þegar kemur að uppbyggingu raforkuinnviða hérna á Norðausturlandi. Hvað á Landsnet að gera, hvað á Rarik að gera, hvert er hlutverk dreifikerfisins og hvert er hlutverk flutningsfyrirtækisins, á ríkið að stíga inn og þá hvernig?

Þessar spurningar hafa fengið að malla einhvern veginn í kerfinu alltof alltof lengi án þess að höggvið sé á hnútinn.

Nú breytist það.

Í dag undirritum við samkomulag milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Landsnets og RARIK um að ráðist verði strax í aðgerðir til þess að styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku á Norðausturlandi með innspýtingu ríkisins.

Hvað felur samkomulagið í sér?

Í fyrsta lagi skuldbindur Landsnet sig til að byggja 132 kV flutningslínu að Langanesi og setja strax framkvæmdina inn á kerfisáætlun.

Undirbúningur hefst á næsta ári þannig að framkvæmdin geti a.m.k. raungerst á næstu tíu árum en stjórnvöld munu leitast við að skapa forsendur til þess að flýta megi framkvæmdinni enn frekar, meðal annars með því að liðka fyrir frekari orkuvinnslu á svæðinu, og Landsnet ætlar að vinna með stjórnvöldum að þessu markmiði.

Í millitíðinni mun Rarik hlaupa hratt af stað og leggja 33 kV jarðstreng milli Vopnafjarðar og Þórshafnar sem stóreykur afhendingaröryggi og afhendingargetu raforku hérna á Þórshöfn og opnar á tengingu smærri virkjunarkosta inn á kerfið. Þetta eru framkvæmdir sem við gerum ráð fyrir að hefjist á næsta ári og að spennusetningin verði ekki seinna en árið 2028.

Þriðja samkomulagsatriði ráðuneytisins, Landsnets og Rariks hefur að gera með Húsavík og nágrenni. Þar ætlar Landsnet að ganga strax í það verk að koma upp nýju tengivirki á Bakka. Þannig liðkum við fyrir tvítengingu Húsavíkur í gegnum Bakka og greiðum götu nýrra stórnotenda á þessu iðnaðarsvæði þar sem gamalt fyrirkomulag tengivirkis hefur verið ákveðinn þröskuldur, með nýja 132 kV tengivirki erum við að liðka fyrir tengingu fyrstu áfanga gagnavers og um leið að auðvelda flutning á afhendingu til Rarik, frá Húsavík yfir á Bakka, og auka þannig afhendingaröryggi á Húsavík. Áætluð verklok eru 2028, þannig þetta skapar mikilvægan fyrirsjáanleika fyrir fjárfesta sem horfa til svæðisins.

Samkomulagið felur í sér að ég mun hafa forgöngu um það, í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, að ríkið styðji við fjárfestingargetu Landsnets og Rarik vegna þessara verkefna um samtals 2,2 milljarða króna strax árið 2026.

Með þessu erum við að leysa ákveðinn markaðsbrest, við erum að skapa viðskiptalegar forsendur fyrir þessar fjárfestingar og tryggja að kostnaðinum sé ekki öllum velt yfir á notendur.

Kæru gestir. Þetta samkomulag er á vissan hátt rökrétt framhald af því starfi sem hefur átt sér stað í stjórnkerfinu í kjölfar rekstrarstöðvunar PCC á Bakka, þar sem Krístrún Frostadóttir forsætisráðherra setti af stað vinnu við að kortleggja áskoranir og tækifæri á Norðurlandi og Norðausturlandi. Við einsettum okkur að ganga rösklega til verks í orkumálum og hér erum við að stíga inn með afgerandi hætti í þágu byggðapróunar, orkuöryggis og verðmætasköpunar.

Ég ætla að fá að nota tækifærið og þakka Landsneti og RARIK fyrir það þetta og góða samstarf sem við höfum átt síðustu mánuði, ég vil líka þakka sérstaklega Daða Má Kristóferssyni fjármálaráðherra og hans fólki fyrir samstarfið, en og fyrst og fremst vil ég þakka ykkur – íbúum þessa svæðis – fyrir að sýna þolinmæði og fyrir að gefast ekki upp.

Nú kjöftum við minna og gerum meira, tökum höndum saman um að byggja upp, ekki bara línur og búnað, heldur líka traust, von og tækifæri hérna á Norðausturlandi.